

til greiðsludags og 6% ársvexti af kr. 17 000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Að öðru leyti skal stefndi vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. nóvember 1948.

Nr. 87/1948. **Steindór Jónsson** (Hrl. Theodór B. Líndal)  
gegn

**Útgerðarfélagi K.E.A. h/f**  
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Bjarglaun.

### Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní þ. á. Krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins, málskostnaður í héraði verði felldur niður, en aðaláfrýjanda dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 4. ágúst þ. á. gagnáfrýjað málinu með stefnu 10. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum samtals kr. 128 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags, en til vara, að dæmd fjárhæð verði hækkuð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvor krafan sem tekin yrði til greina. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Hjálp sú, er v/s Snæfell veitti v/s Drangi með því að draga skipið af grunni og flytja það til Sauðárkróks, ber að

meta björgun, og þykja bjarglaun gagnáfrýjanda til handa eftir öllum atvikum, sem lýst er í héraðsdómi, hæfilega ákveðin kr. 45 000.00. Þóknun fyrir aðstoð þá, er v/s Snæfell veitti v/s Drangi eftir það með drætti frá Sauðárkróki til Akureyrar, þykir hæfilega ákveðin, eins og krafizt er, kr. 3750.00. Verður því niðurstaðan sú, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 48 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags. Þá þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt fyrir bjarglaunum og málskostnaði í v/s Drangi samkvæmt 1. tölulið 236. gr. laga nr. 56/1914 og samkvæmt 4. tölulið sömu greinar fyrir þóknun vegna dráttaraðstoðar, eins og að framan segir.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi Steindór Jónsson greiði gagnáfrýjanda Útgerðarfélagi K.E.A. h/f kr. 48 750.00 með 5% ársvöxtum frá 23. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Drangi, EA 210, fyrir fjárhæðum þessum, eins og að framan getur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 24. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 19. þ. m., hefur Gisli Konráðsson framkvæmdarstjóri, f. h. Útgerðarfélags K.E.A. h/f., Akureyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 23. jan. þ. á., á hendur Steindóri Jónssyni skipstjóra, Hamarstíg 10, Akureyri, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 128 750.00 ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða að mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í m/s Drang EA 210 til tryggingar öllum framangreindum kröfum. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi til vara lægri björgunarlauna og þóknunar fyrir drátt á m/s Drangi frá Sauðárkróki til Akureyrar, hvort tveggja eftir mati dómsins með vöxtum, svo sem í stefnu greinir og málskostnað að skaðlausu. Til þrautavara krafðist hann riflegrar þókn-

unar fyrir aðstoð við m/s Drang, ef svo yrði litið á, að ekki hefði verið um björgun að ræða samkvæmt siglingalögum. Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til að greiða kr. 25 000.00, eða lægri upphæð eftir mati dómsins og málskostnað í samræmi við það.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu sem vátryggjendum nefnds skips stefnda.

Málavextir eru þeir, að kl. 3 aðfaranótt miðvikudagsins 19. marz 1947 strandaði póstbáturinn Drangur á Sjóvarborgarsundi í Skagafirði, skammt austan við Sauðárkrók. Skipið var á leið frá Hofsósi til Sauðárkróks, en villtist af leið vegna frostryks, sem var á firðinum, og strandaði. Þegar skipið tók niðri, lagðist það flatt fyrir kvikunni upp í sandinum, en snerist fljótlega þannig, að framstefnið sneri beint á land. Var þá sett á fulla ferð aftur á bak og virtist skipið losna, en bráðlega varð að láta vélinu hætta að vinna, vegna þess hve hún titraði mikið. Er ekki reyndist unnt, að skipið losnaði af eigin rammleik, voru sendir menn til Sauðárkróks um morguninn til þess að útvega hjálp. Mótorskipið Sæmundur var þá staddur á Sauðárkróki, og var hann fenginn til að reyna að ná skipinu út. Kom hann kl. 9 á strandstaðinn. Voru settir vírar í Drang og vélar beggja skipanna látnar vinna, en af því varð ekki árangur. Virarnir slitnuðu tvisvar. Um 40 lestir af kolum voru í Drang, og var byrjað að losa kol úr skipinu um kl. 11 árdegis. Um kl. 22 var losun hætt og var þá búið að flytja 20 lestir úr skipinu. Tveim akkerum hafði verið lagt aftur af m/s Drang.

Klukkan 7 um morguninn 20. marz kom m/s Snæfell á vettvang. Það var á Akureyri, en fór af stað kl. 23 um kvöldið áður, til þess að hjálpa hinu strandaða skipi eftir beiðni vátryggjenda þess. Var þegar hafizt handa, er Snæfell kom á vettvang. Báðir togvírar Snæfells, ásamt sterkri keðju og lású, voru fluttir um boð í m/s Drang. Þar var keðju fest með lású milli víranna, henni síðan brugðið fram fyrir framstefnið á Drangi og hún bundin framan á miðju stefninu, en virarnir lagðir aftur með sínu borði hvor og bundnir upp við afturstefni í sjávarmáli. Að því búni var akkeri Snæfells dregið upp, slakað út 150 föðmum af hvorum vír og haldið áfram hæga ferð á meðan, en þegar slakinn á vírunum var að verða búinn, var sett á fulla ferð.

Drangur losnaði og seig hægt aftur á bak. Var klukkan þá 8.40. Dróg Snæfell Drang síðan inn á hafnarleguna á Sauðárkróki. Þaðan var hann fluttur að bryggju og bundinn þar kl. 9.30—10 árdegis. Var þá farið að losa kolin, sem eftir voru. Þegar því var lokið, var skipað út frosinni sild, sem fara átti til Dalvíkur. Hafði aðalvél skipsins þá verið látin ganga nokkurn tíma og enginn óeðlilegur hiti komið fram. En um það bil, er lestun sildarinnar var að verða lokið, tók vélin að hitna óeðlilega og varð að stöðva hana. Kom í ljós, að kælivatnsgöng vélarinnar höfðu stíflazt af sandi. Var því ákveðið

að fá m/s Snæfell til að draga Drang til Akureyrar, enda var álitid að langan tíma þyrfti til að hreinsa sandinn.

Samkvæmt ósk skipstjórans á Drang hafði Snæfell beðið á Sauðárkróki, meðan rannsakað var, hvort skipið kæmist af eigin rammleik leiðar sinnar. Lagt var af stað kl. 19.15 þann 20. marz. Var Drangur settur aftan í Snæfell þannig, að notaður var stuttur bútur af akkeriskeðju Drangs, en Snæfell lagði til báða sína togvira. Gefnir voru út 200 f.m. og full ferð farin út fyrir Málmey, en þá var kominn austan vindur með báru og snjókomu. Var þá varið  $\frac{3}{4}$  ferð og henni haldið til Siglufjarðar, en þá var farin  $\frac{1}{2}$  ferð inn fjörðinn og komið til Siglufjarðar kl. 2.25 næstu nótt. Farið þaðan aftur kl. 3.30 og komið til Dalvíkur kl. 8. Var sildin losuð þar í land. Þaðan var farið kl. 10.15 áleiðis til Akureyrar, komið við á Grenivík og Hauganesi og komið til Akureyrar kl. 14 21. marz. Vindur og bára hafði vaxið með deginum.

Þegar björgunin fór fram, var stillt veður og bjart, en dálitill sjávarsúgur. Þar sem skipið strandaði er ægissandur á stóru svæði. Er þetta fyrir opnum firðinum. Engar skemmdir urðu á Drang við strandið. Á leiðinni til Akureyrar var norðaustan stormur, ca. 4—5 vindstig og snjócoma.

Skemmdir á Snæfelli urðu ekki aðrar en þær, að stjórnborðs akkeri Drangs rakst í planku á bakborðshlið Snæfells í höfninni á Siglufirði, er skipin voru losuð sundur, og laskaðist plankinn.

Nokkurt slit var og á dráttartaugum. Sjópróf fóru fram á Akureyri 22. marz og 13. apríl.

Stefnandi gerir kröfu til björgunarlauna sem fyrr segir, þannig:

- |  |                |
|--|----------------|
| 1. Fyrir björgun á m/s Drangi .....  | kr. 125 000.00 |
| 2. Aðstoð við m/s Drang frá Sauðárkróki til Akureyrar með viðkomu á Siglufirði og höfnum við Eyjafjörð, sem fyrr segir ..... | — 3 750.00     |

Samtals kr. 128 750.00

Kröfur sínar rökstyður stefnandi með því að hér hafi verið um björgun að ræða samkvæmt 229. gr. siglingalaga, enda hafi Drangur verið staddur í neyð og þurft á skjótri hjálp að halda. Björgunin hafi verið fullkomin og unnin af verklægni og atorku og dráttur skipsins til Akureyrar hafi farið fram við erfið veðurskilyrði. Drangur var váttryggður húftryggingu og hagsmunatryggingu fyrir kr. 500 000.00 og mat fór fram á skipinu undir rekstri máls þessa af hendi dómkvaddra manna. Mátu þeir skipið og búnað þess á kr. 452 000.00.

Stefndi byggir kröfu sína á því, að hér hafi ekki verið um björgun að ræða, heldur aðstoð, og hafi stefnandi, er hann var beðinn að senda Snæfell á vettvang, látið í veðri vaka, að ekki myndi verða gerð hærri krafa en kr. 35 000.00 fyrir aðstoðina. Stefnandi heldur því fram, að Drangur hefði getað komið á flot af eigin rammleik.

Þá hafi ekki verið fullreynt nema m/s Sæmundur hefði getað dregið skipið á flot, er búið var að losa úr því kolin.

Sérstakri kröfu stefnanda fyrir drátt á m/s Drang, kr. 3 750.00, er sérstaklega mótmælt af hendi stefnda, þar sem það hafi verið skylda Snæfells að skila Drang á næstu örugga höfn.

Af atvikum þeim, sem að framan er lýst, er ljóst, að um var að ræða ótvíræða björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, enda var vonlaust að skipið hefði getað losnað af eigin rammleik. Tókst hún vel og virðist hafa verið unnin af verklægni og atorku. Tími sá, er fór til björgunarinnar frá því m/s Snæfell fór frá Akureyri og þar til það kom aftur, var nær 40 klukkustundir, auk tafa við sjópróf. Telja verður að m/s Drangur hafi verið í hættu, þótt hún hafi ekki verið yfirvofandi, meðan veður hélzt gott. Hins vegar var Snæfelli ekki teflt í hættu við björgunina og tjón þess óverulegt. Þegar ákvarða á verðmæti þess, sem bjargað var, þykir verða að leggja til grundvallar framangreint mat, kr. 452 000.00, enda hefur því ekki verið mótmælt. Fullyrðing stefnda um að stefnandi hafi gefið í skyn, að ekki yrði gerð hærri krafa en kr. 35 000.00, er ósönnuð og henni mótmælt sem rangri. Að þessu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild, þar með dráttur til Akureyrar, hæfilega ákveðinn kr. 65 000.00. Ber stefnda að greiða stefnanda þessa upphæð, með vöxtum eins og krafizt er, svo og málskostnað, er þykir með hliðsjón af matskostnaði hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Samkvæmt 1. tölul. 236. gr. siglingalaganna viðurkennist sjóveðréttur í m/s Drang EA 210 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminn hafa kveðið upp þeir Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, Benedikt Steingrímsson hafnarvörður og Kristján Árnason kaupmaður.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi Steindór Jónsson greiði stefnanda Útgerðarfélagi K.E.A. h/f kr. 65 000.00 með 5% ársvöxtum frá 23. jan. s. l. til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í m/s Drang EA 210 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.